



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Kópavogur, 14. mars 2022  
Málsnr.: 2203012/Málalykill: 0.10.2


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir) – Þingskjal 69 – 69. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 28. febrúar 2022 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum 39., 40. og 41. gr. laganna verði breytt á þann veg að felld verði brott heimild til að afla upplýsinga frá maka umsækjanda eða greiðsluþega.

Bent er á að nauðsyn á heimild til að afla upplýsinga frá maka umsækjanda eða greiðsluþega getur verið til staðar við ákvörðun réttinda skv. lögum um almannatryggingar. Fjármagnstekjur teljast t.d. vera sameiginlegar tekjur hjóna og einstaklinga í sambúð sem eru skattlagðir eins og hjón og geta því haft áhrif þó um tekjur maka umsækjanda eða greiðsluþega sé að ræða, sbr. t.d. 16. gr. laga um almannatryggingar og C.-lið 7. gr. og 62. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Jónsdóttir, settur forstjóri